

Lög Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn

1. grein

Félagið heitir Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn. Heimilisfang félagsins er: Hús Jóns Sigurðssonar, Øster Voldgade 12, 1350 København K.

2. grein

Tilgangur félagsins er að gefa Íslendingum, sem í Danmörku dveljast, tækifæri til að koma saman og hafa af því skemmtan og fróðleik. Skal reynt að hafa þá fundi við hæfi sem flestra. Að öðru leyti skal félagið leitast við að efla samheldni Íslendinga í Danmörku, styrkja aðra félagsstarfsemi Íslendinga hér í landi og styrkja tengsl þeirra við föðurlandið.

3. grein

Félagar geta orðið:

- 1) Allir Íslendingar,
- 2) Allir þeir, sem sérstakan áhuga hafa á íslenskum málum.

Þó hefur stjórnin vald til að synja mönnum um inngöngu í félagið eða víkja mönnum úr því, ef ástæða er til.

4. grein

Stjórnin getur meinað utanfélagsmönnum aðgöngu að fundum félagsins, eða krafði þá hærri aðgangseyris en félagsmenn eru krafðir um.

5. grein

Skuldlausir félagsmenn frá síðasta reikningsári hafa einir atkvæðisrétt og kjörgengi á aðalfundi. Hverju árgjaldi fylgir eitt atkvæði.

6. grein

Tvenns konar árgjöld skulu ákveðin á aðalfundi hvert ár. Grunnárgjald gildir fyrir einstaklinga. Fjölskylduárgjald gildir fyrir tvo fullorðna og skal vera fjórðungi til þriðjungi hærra en grunnárgjald. Allir einstaklingar sama árgjalds, þar með talin börn yngri en 18 ára, skulu hafa sama heimilisfang.

7. grein

Aðalfundur skal haldinn fyrir októberlok ár hvert og skal til hans boðað með auglýsingu í Jónshúsi með a.m.k. 30 daga fyrirvara.

Dagskrá aðalfundar skal vera á þessa leið:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla um starfsemina á liðnu ári.
3. Reikningar lagðir fram.
4. Lagabreytingar.
5. Stjórnar- og nefndarkosningar.
6. Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara til eins árs.
7. Ákvörðun árgjalda.
8. Önnur mál.

8. grein

Stjórn félagsins skal boða til aukaaðalfundar, ef henni þykir ástæða til eða ef 30 félagar eða fleiri krefjast þess og greina ástæður. Skal til hans boðað með a.m.k. 14 daga fyrirvara. Dagskrá aukaaðalfundar sé samkvæmt fundarboði. Atkvæðisrétt á fundinum hafa þeir félagar, sem skuldlausir eru 2 vikum fyrir fundinn. Aukaaðalfundur getur ekki samþykkt lagabreytingar eða tekið ákvörðun um upplausn félagsins.

9. grein

Í stjórn félagsins sitja 5 menn, kosnir á venjulegum aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnin skipar sjálf með sér verkum og kýs úr sínum hópi formann, varaformann, gjaldkera og ritara. Ritari heldur fundargerðir á stjórnarfundum og skulu þær lesnar upp á fundi og samþykktar og undirskrifaðar af formanni og ritara. Við brottför stjórnarmanns getur stjórnin valið sér mann til næsta aðalfundar.

10. grein

Reikningsár félagsins er frá 1. október til 30. september. Félagssjóður skal varðveittur í innlánastofnun í Kaupmannahöfn. Meiriháttar greiðslur úr félagssjóði, sem ekki varða starfsemi félagsins skulu samþykktar fyrirfram á aðalfundi. Endurskoðaðir reikningar skulu liggja fyrir í Húsi Jóns Sigurðsonar minnst 5 dögum fyrir aðalfund, svo félagsmönnum gefist kostur á að kynna sér þá.

11. grein

Félagið verður ekki leyst upp, nema það sé samþykkt á tveim lögmætum aðalfundum í röð. Skulu þá eignir þess renna til einhverra íslenskra stofnana eða starfsemi eftir nánari ákvörðun síðari aðalfundar.

12. grein

Stjórnin skal velja svo fljótt sem þurfa þykir einn eða fleiri fulltrúa úr sínum röðum til að annast samskipti við önnur félög.

13. grein

Lögum þessum má aðeins breyta á lögsmætum aðalfundi. Til lagabreytinga þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Í öllum öðrum málum ræður afl atkvæða. Lagabreytingartillögur skulu berast til stjórnar félagsins a.m.k. 14 dögum fyrir aðalfund, skriflega og undirritaðar af flutningsmanni. Breytingartillögur þar við skulu berast fundarstjóra skriflega og undirritaðar af flutningsmanni.

14. grein

Óheimilt er á nokkurn hátt að veita utanaðkomandi aðilum aðgang að og afnot af félagaskrá Íslendingafélagsins, nema að slík afnot þjóni augljóslega hagsmunum félagsins og félögum þess og brjóti á engan hátt í bága við lög um meðferð félagaskráa í Danmörku.

15. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Kaupmannahöfn 27. október 1995

Breytt 1996

Breytt 2003

Breytt 2004

Breytt 2005

Breytt 2011